

Lokaverkefni til B.A. -prófs

Sagan um Kristján

Aðferð við að auka skilning og umburðarlyndi innan skólans gagnvart börnum með ADHD

Helga Jónasdóttir
Íris Dögg Sigurðardóttir



Kennaraháskóli Íslands
Þroskaþjálfabraut
Maí 2008

Lokaverkefni til B.A. -prófs

Sagan um Kristján

Aðferð við að auka skilning og umburðarlyndi innan skólans
gagnvart börnum með ADHD

Helga Jónasdóttir

141282-4419

Íris Dögg Sigurðardóttir

180584-2699

Kennaraháskóli Íslands

Þroskaþjálfabraut

Mái 2008

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	<i>1</i>
<i>Kaflí 1</i>	<i>2</i>
Aðalnámskrá grunnskólanna.....	2
Skóli án aðgreiningar	3
<i>Kaflí 2</i>	<i>5</i>
Athyglisbrestur með ofvirkni.....	5
Börn með ADHD í grunnskóla.....	6
<i>Kaflí 3</i>	<i>7</i>
Hvernig á að skrifa sögu	7
Sögur fyrir börn.....	8
<i>Kaflí 4</i>	<i>10</i>
Sagan af Kristjáni.....	10
<i>Samantekt</i>	<i>11</i>
<i>Heimildaskrá</i>	<i>12</i>

Inngangur

Þegar kom að því að velja lokaverkefni vorum við ekki í vandræðum með það. Við höfðum báðar rekið okkur á að ekki er til nægt efni ætlað börnum sem tengist fötlunum eða öðrum röskunum. Við teljum þörfina fyrir slíkt efni mikla og vildum því leggja okkar að mörkum til mæta henni. Niðurstaða okkar var því að skrifa barnabók um dreng sem er með ADHD. Við höfum báðar starfað með börnum með ADHD og lent í vandræðum með að útskýra fyrir öðrum börnum hegðun ADHD barna. Við teljum að það sé hægt á auðveldan hátt að útskýra ýmislegt fyrir börnum með dæmisögum. Það eru til margar gagnlegar bækur um hegðun barna. Með það í huga fannst okkur kjörið að gera bók sem útskýrir hegðun ADHD barna. Í upphafi var hugmyndin að gera einhverskonar bækling en við ákváðum að breyta því. Vegna þess að við teljum að bæklingur höfði ekki til barna. Með bæklingi værum við frekar að ná til foreldra en með bók náum við til barnanna einnig. Við höfum hugsað okkur að bókin sé lesin með börnunum. Með því getur foreldri útskýrt jafn óðum fyrir barninu það sem það ekki skilur. Bókin getur einnig nýst í fyrstu bekkjum grunnskólans. Þegar nemendurnir eru enn að læra skólareglurnar og skilja ekki af hverju einstaka nemendur geti ekki farið eftir þeim. Þrátt fyrir að ítrekað sé rætt við þá. Við ákváðum að gera tvær útgáfur af bókinni. Önnur er ætluð börnunum en hin kennurum. Í kennaraútgáfunni eru ýmsir umræðupunkturar sem ættu að auðvelda kennurum að skapa umræður í bekknum í framhaldi af sögunni. En í barnaútgáfunni er ýmislegt fræðsluefni ætlað foreldrum.

Sagan lýsir einum skóladegi drengs sem er að glíma við ADHD og segir frá þeim árekstrum sem hann lendir í. Hann brýtur á bestu vinkonu sinni en vinnur traust hennar aftur þegar hann hjálpar henni seinna um daginn. Við reynum að lýsa á jákvæðan hátt þeim einkennum sem ADHD hefur í för með sér og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir bekkjarfélaga viðkomandi nemenda.

Kaflí 1

Allir grunnskólar landsins vinna eftir fyrirfram ákveðnu stefnum sem Menntamálaráðuneytið setur þeim. Allar þessar stefnur byggja á Lögum um grunnskóla nr. 66/1995. Skólarnir eru allir með sína sérstöðu hvað varðar staðsetningu, fjölda nemenda og starfsfólks. Starfsfólk skólanna getur mótað starf þeirra mjög mikið en getur þó aldrei farið út fyrir ramma laganna. Skólarnir verða að taka á móti öllum börnum og mótast því starf skólanna af nemendahópnum. Hér á landi eru þó til ýmsir sérskólar fyrir börn sem eru að glíma við ýmsar sérþarfir sem og einkaskólar. Það verður til þess að foreldrar hafa meira val um hvaða skóli hentar barni þeirra best.

Aðalnámskrá grunnskólanna

Höfuðskylda menntakerfisins er að veita nemendum góða alhliða menntun. En jafnframt þarf kerfið að vera sveigjanlegt og geta mætt nýjum og breyttum kröfum. Grunnskólarnir eiga að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Einnig eiga grunnskólarnir að taka við öllum nemendum sama hvernig stendur á atgervi þeirra, félagslegu – tilfinningalegu eða andlegu ásigkomulagi þeirra. Skólinn á að taka við öllum nemendum sama hvort þau séu fötluð eða ófötluð, afburðargreind eða greindarskert, börn úr minnihlutahópum eða afskekktum byggðarfélögum og er skylt að mennta á árangursríkan hátt (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Menntunin á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun og kenna börnunum að bregðast við nýjum aðstæðum. Skólunum ber að efla sjálfstraust nemendanna og kenna þeim að tjá skoðanir sínar hvort sem það er í töluðu máli eða ritmáli. Jafnframt á almenn menntun að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Einnig á hún að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Að lokum á skólinn að styrka einstaklinginn til þess að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Allir skólar landsins starfa eftir sameiginlegri Aðalnámskrá. En stefnur og áherslur skólana eru mismunandi. Aðalnámskráin tryggir að nemendur fái góða og æskilega menntun hvar sem þeir búa á landinu. Hún heldur utanum kennslu grunnskólanna og veitir kennurum aðhald og leiðsögn í kennslu. Námskráin er gefin út af Menntamálaráðuneytinu og byggir á lögum um grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Í 29. grein laga um grunnskóla segir að menntamálaráðherra geri Aðalnámskrá grunnskólanna sem þeim ber að starfa eftir. Í námskránni eru uppeldismarkið grunnskólanna og

meginstefnur í kennslu og kennsluskipan skólanna (Lög um grunnskóla, 1995). Nýjasta námskráin tók gildi 1. ágúst 2007 og féll þá námskráin frá árinu 1999 úr gildi (Aðalnámskrá grunnskóla [án árs]). Í 31. grein laga um grunnsóla segir að hverjum grunnskóla sé skylt að gera sína eigin námskrá. Í þeirri námskrá skal skólinn útfæra Aðalnámskrá grunnskólanna út frá sinni sérstöðu og aðstæðum (Lög um grunnskóla, 1995). Í þessum námskrám eru markmið allra kennsluþátta tekin fyrir sem og uppeldismarkmið skólanna. Markmið íslenskukennslu grunnskólanna eru fjögur, talað mál, hlustun, lestur og bókmenntir og ritun og málfræði (Aðalnámskrá grunnskóla 2007:9).

Í Aðalnámskrá grunnskólanna segir:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum.

Skólarnir sinna þessu markmiði mjög vel. Nemendur eru með lestur sem hluta af heimanáminu sínu. Einnig hafa kennarar verið að nýta lausar stundir til frjáls lesturs nemenda. Til að nemendur geti haft sem fjölbreyttasta úrval bóka er mikilvægt fyrir hvern skóla að vera með gott safn bóka og reglulega að endurnýja það.

54. grein laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir:

Í hverjum grunnskóla skal vera skólasafn. Skólasafn er eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu og skal búnaður safnsins varðandi húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfsfólk taka mið af því. Sveitarstjórn er heimilt að sameina almenningsbókasafn og skólasafn ef það, að mati skólanefndar og skólastjóra, rýrir ekki gildi safnsins fyrir skólann

Það er því ljóst að grunnskólum landsins er skylt að veita nemendum sínum kennslu í lestri og að halda að þeim bókmenntum við þeirra hæfi.

Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar er skóli sem er með þjónustu fyrir alla nemendur óháð því hvort þeir séu með sérþarfir eða ekki. Hver skóli á að vera fær um að sinna öllum sínum nemendum eins og unnt er og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp geta komið í skólanum (Gerður G. Óskarsdóttir 2004).

Í Salamanca-yfirlýsingunni sem tók í gildi árið 1994 er bent á að mörg börn eigi við námsörðugleika að stríða á einhverju stigi skólagöngu sinnar og þurfi því sér aðstoð í námi sínu. Skólinn verður að finna leið svo allir nemendur skólans læri á árangursríkan hátt. Í þeim hópi eru nemendur sem eru alvarlega fatlaðir sem og nemendur sem standa að öðru leyti illa að vígi í náminu (Salamanca-yfirlýsingin, 1994). Skóli án aðgreiningar er skóli sem á að vinna gegn hugarfari mismununar. Það er að segja skólinn á að láta öll börn finna að þau eru velkomin í því umhverfi sem það er og reyna að stuðla að þjóðfélagið verði án aðgreiningar. Í yfirlýsingunni segir einnig að kennsluaðferðir í skóla án aðgreiningar þurfi að hafa í huga að eðlilegt þyki að fólk sé ólíkt. Því verður að sníða námið að þörfum barnsins fremur en að barnið aðlagi sig að náminu (Salamanca-yfirlýsingin, 1994).

Staðreyndin er að enginn vill vera útilokaður. Skóli án aðgreiningar snýst um að taka á móti öllum nemendum fagnandi. Hann þarf að skuldbinda sig til þess að veita hverjum nemenda þann rétt að finnast vera mikilvægur. Skóli án aðgreiningar gerir ráð fyrir því að lifa og læra saman er öllum til góðs, ekki aðeins börnum sem eru eyrnamerkt sem öðruvísi. Skóli án aðgreiningar er andstæða á aðskilnaði og einangrun. Aðskilin menntastefna býr til varanlegan stimpil á nemendur og gefur sterk skilaboð til þeirra nemenda að þeir muni ekki tilheyra né eiga samastað með öðrum (Falvey og Givner 2005:5).

Börn með ADHD geta verið erfið í kennslustundum ef kennari hefur ekki nægilega mikla þekkingu og reynslu í því hvernig eigi að haga kennslu barna með ADHD. Öll börn á grunnskólaaldri eiga rétt á að ganga í almennan grunnskóla. Skólarnir eiga að vera tilbúnir að taka móti nemendum með sérþarfir. Í hverjum skóla ætti að vera fagteymi sem getur aðstoðað kennara við að móta starf bekkjarins eftir þörfum nemenda. Nemendur sem glíma við ADHD eiga sumir í erfiðleikum með nám. Athygli þeirra á námsefninu er ekki mikil og þau truflast auðveldlega. Kennarar þurfa því að vera tilbúnir að aðlaga námsefnið að þeirra þörfum. Styttu verkefni og breyta uppsetningu.

Kaflí 2

Börn geta verið að glíma við ýmsan vanda tengdan hegðun. Ein þeirra raskanna sem tengjast hegðun er athyglisbrestur með ofvirkni eða ADHD. Þessari röskun hefur oft verið ruglað við lélegt uppeldi en það er ekki tenging þar á milli. Börn með ADHD eru í auknu mæli farin að fá greiningu á sínum vanda og þá aðstoð sem þau þurfa í framhaldi að því. Fáí þau viðeigandi aðstoð geta þau náð að halda einkennunum í skefjum. En fáí þau enga aðstoð geta einkennin valdið þeim miklum vandræðum bæði í námi, félagslega og í daglegu lífi.

Athyglisbrestur með ofvirkni

Athyglisbrestur með ofvirkni eða Attention Deficit Hyperactivity Disorder er viðvarandi hegðunarröskun af taugalíffræðilegum toga sem kemur fram hjá börnum fyrir 7 ára aldur. Einkennin lýsa sér í athyglisbresti, hvatvísi og mikilli hreyfivirkni. Röskunina er ekki hægt að rekja til líkamlegra, andlegra eða tilfinningalegra ástæðna (Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1900:11). Orsakir ADHD er líffræðileg. Nú í seinni tíð hefur athygli fræðimann beinst að lífefnafræði heilans og talið er að líkur séu á truflun í boðefnakerfi heilans sem hefur það hlutverk að stjórna hegðun. Erfðir eru tvímannaalaust stór þáttur. Því þeir einstaklingar sem eru með ADHD koma oft frá fjölskyldum og ættum þar sem þessi einkenni eru algengari en almennt gerist. Einnig er hægt að rekja ADHD til sjúkdóma eða slysa sem valda skemmdum í taugavefjum s.s. heilabólgu eða skaða vegna höfuðáverka (Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen 1900:12).

Einkenni ADHD eru athyglisbrestur, hreyfíóróleiki og hvatvísi. Athyglisbrestur barna sýnir sig þannig að barnið á erfitt með að einbeita sér að því sem það er að gera. Námsfni skólanna reynist þeim oft erfitt því þau eiga erfitt með að sitja lengi yfir sama verkefninu. Þau eiga mjög erfitt með að koma sér að verki. Þau truflast auðveldlega og oft leitar athyglin annað í miðju kafi og verkefnið sem þau voru að vinna gleymist (Batshaw 2002:391). Hreyfíóróleiki barnanna lýsir sér í því að þau eiga erfitt með að vera kyrr á sama staðnum lengi. Þau eru stöðugt á iði og eiga það til að vera hávær. Hvatvísinn kemur fram í því að þau eiga erfitt með að bíða, þau ryðjast fram fyrir aðra og grípa fram í. Þau eiga það einnig til að gera hluti án þess að hugsa um afleiðingarnar.

Börn með ADHD í grunnskóla

Einkenni athyglisbrests með ofvirkni eru oft mjög skýr. Einkennin verða yfirleitt meira áberandi þegar börnin fara í grunnskóla. Þá fara að aukast kröfum um að þau vinni ákveðin verkefni á tilsettum tíma og sitji kyrr í sætunum sínum. Þetta er eitthvað sem er alveg nýtt fyrir flest börn þegar þau byrja í grunnskólanum en lærist fljótt. Börn með ADHD læra þessar reglur rétt eins og önnur börn en þeim reynist erfiðara að fylgja þeim.

Einnig eiga þessi börn á hættu að lenda í útistöðum við samnemendur sína. Afleiðingin að því er sú að þau verða fyrir aðkasti af samnemendum sínum. Þau börn sem ekki hafa fengið góða þjálfun í félagslegum samskiptum eiga erfitt með að bregðast við erfiðum aðstæðum. Þau verða gjarnan árásargjörn eða fálát. Hvorugt er gott til árangurs og félagarnir bregðast illa við. Ef jákvæð viðbrögð eru þjálfuð í sérstökum hjálparhópi jafningja eru meiri líkur en ella á því að þau verði ofaná við raunverulegar aðstæður (Dornbush og Pruitt 2002:123). Börn með ADHD eru oft skapstór og oft ekki með á nótnum, þau eru hvatvís og haga sér illa í hópi og þess vegna vilja félagarnir ekki hafa þau með. Hætt er við því að sjálfsmat nemenda sem svo er ástatt um bíði hnekki og að upp komi sálræn vandamál í kjölfar sífelldra vonbrigða í mannlegum samskiptum. Kvíði, flótti, einangrun og þunglyndi eru áberandi hjá þessum börnum (Dornbush og Pruitt 2002:117). Þau eiga erfitt með að setja sig í spor annarra og tengja ekki saman orsök og afleiðingar. Þau eiga það til að vera stjórnsöm en jafnframt áhrifagjörn og leiðast oft út í það að þóknast öðrum og kaupa sér vini. Réttlætiskenndin er ríkjandi hjá þeim og hún kemur viðkomandi oft á í vanda. T.d. í frímínútum þar sem tveir eða fleiri deila. Áður en varir er einstaklingurinn með ADHD orðinn miðpunktur atburða sem hann ræður ekki við. Hann er allt í einu orðinn fórnarlambið. Þetta þykir honum ósanngjarnt því hann var aðeins að hjálpa öðrum en fær svo skammirnar. Hann á það til að vera árásargjarn, varar sig ekki alltaf á hættunum og getur þess vegna orðið á að skaða sjálfan sig og aðra (Fogell og Rob 1997:81).

Vegna þessa einkenna er mikilvægt að aðrir nemendur séu meðvitaðir um að þessi hegðun stafi ekki af óþekkt heldur eru þetta einkenni ADHD. Séu nemendur meðvitaðir um það minnka líkurnar á því að nemandi með ADHD einangrist félagslega. Því er mikilvægt að kennarar taki vel á móti nemendum með ADHD og bregðist fljótt við með að upplýsa aðra nemendur um einkenni röskunarinnar. Það reynist oft erfitt að skýra þessa hegðun. Því það er viðkvæmt að fjalla um mál einstaka nemenda í bekknum. Með sögunni okkar fá kennarar tæki í hendurnar til að lýsa einkennunum á hlutlausan hátt.

Kaflí 3

Flestir hafa alist upp við það að lesið sé fyrir þau. Sögur geta kennt börnum mjög margt. Þær geta haft siðferðislegt - eða kennslufræðilegt gildi. Því er mikilvægt að þær séu nýttar sem kennslugagn. Allar sögur hafa sambærilega uppbyggingu. Síðan er það höfundarins á ákveða sögupersónur, söguvið og atburði sögunnar. En erfiðara er þó að ná að gera söguna spennandi fyrir ákveðinn markhóp.

Hvernig á að skrifa sögu

Þegar skrifuð er saga er mikilvægt að hafa í huga byggingu sögunnar. Allar sögur hafa upphaf, einhverja flækju og endi. Síðan er það höfundarins að ákveða hvort flækjurnar séu margar eða ein. Ef höfundur velur að hafa fleiri ein eina verður hann að varast það að hafa flækjurnar of margar því þá er hættu á að þær verði óspennandi og lesandinn missi athygli (Hale [án árs]).

Við gerð smásagna er mikilvægt að vera með söguviðið skýrt og passa að hún gerist ekki á of löngum tíma. Gott er að láta söguna gerast á afmörkuðum stað eins og á heimili, skóla eða í vinnu. Með því er auðvelt að afmarka tímaramma sögunnar. Einnig er mikilvægt að sögupersónurnar séu ekki of margar. Of margar persónur geta valdið því að sagan verði ruglingsleg og lesandinn missir einbeitingu. Að lokum þarf að hafa í huga fyrir hverja bókina. Það gefur auga leið að bók ætluðum börnum er ekki með sama orðaforða og bók ætluð fullorðnum. Einnig eru barnabækur með minni texta á hverri opnu og styttri sögu en sögur fyrir fullorðna (Hale [án árs]).

Þegar persónur sögunnar eru valdar er gott að hafa fylgst aðeins með fólki. Hvað er það í fari þeirra sem veldur því að tekið er eftir þeim. Það reynist vandasamt að velja nafn á persónurnar. Best er að hafa einföld og nokkuð algeng nöfn. Það auðveldar lesandanum að muna nafn sögupersónunnar og hann á þá auðveldara með að tengjast henni. Það er mikilvægt að höfundurinn gefi ekki upp of miklar upplýsingar um sögupersónurnar heldur leifa lesandanum að geta í eyðurnar og móta persónurnar eftir sýnum hugmyndum (How to Develop a Character [án árs]).

Þegar söguviðið er komið og persónurnar er ekkert eftir nema að byrja að skrifa söguna. Persónurnar verða að eiga heima í umhverfi sögunnar og samskipti þeirra á milli verða að vekja áhuga lesandans. Eftir að fyrsta uppkast er komið er búið að setja línurnar fyrir söguna. En mikilvægt er að hafa í huga að alltaf er hægt að breyta og betrumbæta hana. Því er mikilvægt að

lýta ekki á söguna sem fullgerða þegar fyrsta uppkast er komið (How to Write a Outline [án árs]).

Að lokum eru gerðar myndir við söguna. Ef myndirnar eru í góðu samræmi við söguna geta þær gert heilmikið fyrir hana. Góðar myndir geta gert lestur bókarinnar auðveldari. Að sama skapi geta myndir sem eru ekki í takt við söguna gert hana ruglingslega (How to Write a Children's Story [án árs]).

Sögur fyrir börn

Lestur er sennilega flóknasta verkefni sem okkar menning leggur á ungvíðið. Að læra að lesa er hluti af þróun heilans þar sem möguleg uppbygging lesturs er tiltölulega fastmótuð í börnum (Robeck og Wallace 1990:143).

Bækur eru börnum mikilvægar því þær kenna þeim svo margt um lífið og tilveruna. Bækur efla málþroska barna og venja þau við bókalestur. Börn sem mikið er lesið fyrir í æsku eru líklegri til að njóta bókmennta seinna á ævinni (Brand og Donato 2001:3).

Það er næstum því hægt að fjalla um hvað sem er í bókum fyrir börn. Þær geta verið fræðibækur um allt mögulegt, fjallað um erfið tilfinningaleg málefni og haft uppeldislegt og kennslufræðilegt gildi. Bækur geta einnig haft fagurfræðilegt markmið eða lagt megináherslu á að skemmta börnum. Bækur ætlaðar börnum verða að grípa athygli barna með samspili texta og mynda (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2005:34-35).

Börn með ADHD eiga erfitt með einbeitingu og að sitja kyrr í langan tíma. Við lestur bókar teljum við mikilvægt að bókin sé skemmtileg svo hún geti gripið athygli og áhuga barna sem glíma við þessa röskun. Við val á lestri bókar fyrir börn með ADHD verður að athuga vel að hafa ekki of langan texta á hverri síðu. Hætta er að barnið missi þá fljótlega athyglina og fer að gera eitthvað annað. Við teljum að gott sé að hafa spennandi og flottar myndir á hverri blaðsíðu þegar lesið er fyrir börn með ADHD. Því þá getur barnið virt fyrir sér myndina á meðan lesið er fyrir það.

Lestur fyrir börn skiptir miklu máli því það eykur orðaforða og ímyndunarafli barna. Einnig hafa börn mjög gaman að því að hlusta á sögur. Engir tveir fullorðnir lesa sömu bókina á nákvæmlega sama hátt. Sumir eru í góðri æfingu og beita leikrænum tilþrifum við lesturinn, en aðrir lesa alla texta eins. Margar bækur eru þannig skrifaðar að þær hvetja þann fullorðna til meiri þátttöku sem gerir verkið enn leikrænna (Margrét Tryggvadóttir 1999:105).

Við teljum mikilvægt þegar verið er að lesa fyrir börn, þá sérstaklega börn með ADHD að lesturinn verði ekki þurr og flatur. Það þarf að huga að því hvernig sagan er sögð og reyna að lífga upp á hana. Hægt er að breyta um tóntegund og áherslur á setningum svo sagan verði skemmtilegri að hlusta á. Ef sögumaðurinn er með mjög flatann tón og gerir ekkert til að krydda söguna, er mikil hættu að börn með ADHD missi fljótlega athyglina á sögunni og hættir að hlusta á hana.

Þegar börn læra að lesa minnkar þörfin fyrir að foreldrar lesi fyrir þau, en sá siður ætti þó ekki að hætta. Börnum finnst ennþá gott að lesið sé fyrir þau. Það hjálpar þeim oft að erfiður texti sé lesinn fyrir þau. Jafnframt krefst efni sumra bóka þess að foreldrar séu með börnum sínum þegar þær eru lesnar. Bæði foreldrar og börn ættu að njóta þeirrar samverustundar sem lestur hefur í för með sér lengur en á meðan barnið getur ekki lesið sjálft (Margrét Tryggvadóttir 1999:120-121).

Lestur eykur víðsýni og því er mikilvægt að halda að börnum fjölbreyttu efni. Mikil fræðsla getur farið fram í gegnum lestur. Með sögum er hægt að búa til aðstæður sem lesandinn á auðvelt með að setja sig í. Með sögunni okkar viljum við að börn nái að setja sig í spor Lísu eða Kristjáns og þannig sjá að aðstæður þeirra eru ekki einsdæmi. Einnig viljum við að lesendur átti sig á því að hegðun barna með röskunina stafi ekki af illsku og óþekkt. Fyrir barn sem ekki hefur fengið útskýringu á röskuninni er mikilvægt að fullorðinn einstaklingur sé til staðar og geti útskýrt þegar þess þarf. Sé fullorðinn einstaklingur til staðar fyrir lesandann getur skapast skemmtileg og fræðandi umræða út frá lestrinum.

Kaflí 4

Við ákváðum að gera barnabók sem segir frá skóladegi í lífi drengs með ADHD. Með bókinni viljum við auka fræðslu til barna um röskunina. Bókin á að geta lýst einkennum ADHD sem koma fram í skólanum á einfaldan og hlutlausan hátt. Viljum við með því auðvelda kennurum sem og foreldrum að lýsa einkennum röskunarinnar. Því við teljum að það sé mikilvægt svo einkennin flokkist ekki undir óþekkt.

Sagan af Kristjáni

Sagan segir frá Kristjáni sem er í fyrsta bekk í Litlalandsskóla. Hann er að glíma við ADHD og hegðun hans kemur honum stundum í vandræði. Hann á bestu vinkonu sem heitir Lísu sem er með honum í 1.G. Þau bralla mikið saman en þó slettist upp á venskapinn stundum.

Lísu segir söguna sem gerist á einum skóladegi. Í upphafi segir hún frá röskun Kristjáns og með það í huga tekur hún tillit til hans. En hún verður reið þegar hann gengur of langt. Þau eru mikið saman í skólanum og sitja við sama borð. Þegar þau eru í heimakrök grípur hann fram í fyrir henni og hún er ekki sátt við það. Kennarinn kemur henni til hjálpar og segir Kristjáni að bíða eftir að röðin komi að honum. Eftir heimakrókinn er frjáls lestur. Þar springur allt á milli þeirra. Kristján ryðst fram fyrir Lísu og tekur bókina sem hún ætlaði sér að lesa. Lísu reiðist mikið og skammar Guðrún kennari hana fyrir hávaðann. Lísu finnst þetta ekki rétt og situr eftir reið við Kristján og Guðrúnu.

Kristján vinnur svo traust hennar aftur þegar hann hjálpar henni í frímínútum eftir að hún dettur og meiðir sig á hnénu. Eftir það verða þau aftur góðir vinir og hún hjálpar honum í leikfímistímanum við að klukka í stórfiskaleik. Sagan endar svo þar sem þau ganga saman heim sátt eftir góðan skólalag.

Við reynum að láta jákvætt hugarfar Lísu vera leiðandi í gegnum söguna. Hún reiðist honum en sýnir því skilning að hann sé með ADHD og því alltaf tilbúin að fyrirgefa honum. Með sögunni viljum við sýna að börn með ADHD eru að glíma við hegðunarvanda. En á sama tíma eru þau venjuleg börn sem eiga sínar góðu hliðar. Við viljum að bókin nýtist kennurum til að útskýra fyrir nemendum hvað ADHD er og hver einkennin eru. Hún getur útskýrt á hlutlausan hátt einkennin og nýst sem umræðupunktur í kennslustund.

Samantekt

Við upphaf verkefnisins gerðum við okkur ekki grein fyrir því hversu veigamikið það yrði. Við ætluðum okkur að skrifa barnabók og átti það ekki að vera mikið mál. En þegar við byrjuðum rákumst við á margar hindranir. Við byrjuðum á því að gera uppkast af sögunni og það var ekki mikið mál. En þegar við vorum búnar að lesa hana nokkru sinnum yfir sáum við hún var allt of löng og ruglingsleg. Þrátt fyrir að hafa reynt að hafa málfarið einfalt var það enn of fullorðinsmiðað. Við tók þá erfitt ferli við að stytta söguna og einfalda málið. Það reyndist ekki auðvelt að sleppa ákveðnum köflum. Auk þess sem okkur er svo tamt að tala og skrifa á ákveðinn hátt að það reyndist mjög erfitt að setja sig inn í orðaforða sex ára barns. En það hafðist að lokum og erum við sáttar við útkomuna.

Við gerðum okkur grein fyrir því að læra að lesa væri mikilvægt fyrir framtíð barnanna. Því lestur er svo stór þáttur í lífi okkar. En við gerðum okkur ekki grein fyrir því hversu stór þáttur það er í námi barna að læra að hlusta. Eitt að meginmarkmiðum íslenskukennslu grunnskóla er að kenna hlustun. Við miðum við að kennarar lesi bókina fyrir nemendur sína og því passar hlutverk bókarinnar við markmið Aðalnámskrár grunnskóla.

Við vinnslu verkefnisins varð það ennþá ljósara fyrir okkur en áður að það eru til sárafaár sögur þar sem fötluð börn koma við sögu. Við fundum sögur þar sem ein sögupersónan er fötluð. En nánast engar sögur sem eru skrifaðar með það í huga að útskýra fatlanir. Þörfin er mikil fyrir fræðsluefni ætlað börnum, en framboðið sáralítið. Það eru ýmsar fatlanir sem erfitt er að lýsa fyrir börnum t.d. einhverfa og ýmsar þroskahamlanir. Sögur myndu auðvelda útskýringar mikið og því væri gaman að sjá vakningu í þessum málum. Það eru til ýmis félög í kringum fatlanir og raskanir og sæjum við fyrir okkur að þeir aðilar gætu beitt sér í gerð fræðsluefnis fyrir börn.

Þar sem grunnskólar landsins vinna eftir stefnunni skóli án aðgreiningar þarf að vera aðgengilegt efni fyrir kennara til að útskýra fatlanir. Svo virðist sem að það sé ekki. Í ljósi þess furðum við okkur á því að menntamálayfirvöld standi ekki framar í því að gefa út efni í þessum flokki.

Vinnsla þessa verkefnis hefur verið mjög krefjandi og skemmtileg. Við gerðum okkur ekki grein fyrir því hversu veigamikið verkefnið yrði. En erum mjög sáttar við að hafa valið þessa leið. Við höfum lært mikið af þessu verkefni og skiljum því sáttar við afraksturinn.

Heimildaskrá

„Aðalnámskrá grunnskóla. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla.” [Án árs.] *Menntamálaráðuneytið*.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/3953> [Sótt 3. febrúar 2008.]

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2005. „*Mér finnst yndislegt að skifa fyrir börn*” um

myndabækur Guðrúnar Helgadóttir. Í Guðrúnarhúsi: greinasafn um bækur Guðrúnar Helgadóttur, bls. 34-35. Ritstj.: Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Batshaw, Mark L. 2002. *Children with Disabilities*. Brookes, Washington.

Brand, Susan Trostle, og Jeanne M. Donato. 2001. *Storytellingin Emergent Literacy*.

Delmar, USA.

Dornbush, Marilyn P., og Sheryl K. Pruitt. 2002. *Tígurinn taminn handbók fyrir þá sem annast kennslu nemenda með athyglisbrest, Tourette-heilkenni eða árattu- og þráhyggjuröskun*. Þórey Einarsdóttir og Eva Hallvarðsdóttir íslenskuðu. Tourette-samtökin á Íslandi, Reykjavík.

Fogel, Jonathan og Rob Long. 1997. *Spotlight on special educational needs: Emotional and behavioural difficulties*. A Nasen Publication, Wales.

Hale, Bruce. [Án árs.] „How to write a story.” *BruceHale.com*.

<http://www.brucehale.com/howto.htm> [Sótt 5. febrúar 2008.]

„How to Develop a Character.” [Án árs.] WikiHow.

<http://www.wikihow.com/Develop-a-Character> [Sótt 25. febrúar 2008.]

„How to Write a Children’s Story.” [Án árs.] WikiHow.

<http://www.wikihow.com/Write-a-Children%27s-Story> [Sótt 25. febrúar 2008]

„How to Write a Outline.” [Án árs.] WikiHow.

<http://www.wikihow.com/Write-an-Outline> [Sótt 25. febrúar 2008.]

Lög um grunnskóla nr. 55/1995.

Málfríður Lorange og Matthías Kristiansen. 2002. *Þroski og hegðunarvandi barna*. Bókaforlagið Una, Reykjavík.

Margrét Tryggvadóttir. 1999. „*Setið í kjöltunni: um myndabækur sem bókmenntarform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskrar myndabóka.*” Raddir barnabókanna, bls. 105. Ritstj.: Silja Aðalsteinsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.

Margrét Tryggvadóttir. 1999. „*Setið í kjöltunni: um myndabækur sem bókmenntarform, greiningu þeirra og sérstöðu íslenskrar myndabóka.*” Raddir barnabókanna, bls. 120-121. Ritstj.: Silja Aðalsteinsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.

Robeck, Mildred C, og Randall R. Wallace. 1990. *The Psychology of Reading: An Interdisciplinary Approach*. Lawrence Erlbaum Associates, Publishers. New Jersey.

Salamanca-yfirlýsingin 1994.